

Fundur hjá skólaráði Myllubakkaskóla mánudaginn 13. mars 2017 kl. 16:00.

Mætt eru:

Bryndís Björg Guðmundsdóttir, skólastjóri
Stefán Jónsson, fulltrúi starfsfólks
Svanhildur Skúladóttir, fulltrúi kennara
Unnur Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara
Lovísa Jóna Lilliendahl, fulltrúi foreldra
Herdís Birta Sölvadóttir 9. UG, fulltrúi nemenda
Marcelina Owczarska 10. JS, fulltrúi nemenda
Hrafnhildur H. Ólafsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags

Hjörleifur Þór Hannesson, fulltrúi foreldra var fjarverandi

Fyrsta mál voru umræður um skóladagatal næsta vetrar. Það var undirritað af fundarmönnum án athugasemda.

Næst voru umræður um skólareglur. Það er búið að ákveða að nota reglufylkin úr PBS sem skólareglur og setja þær inn í skólanámskrána í staðin fyrir gömlu skólareglurnar. Umræður um PBS kerfið og rætt að það gæti verið gott að hvíla býtin í einhvern tíma.

Önnur mál:

Margt jákvætt hjá Myllubakkaskóla t.d. Legokeppni, Mylluvísjón, samræmdu prófin komu vel út og sigur í Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk. Það stýttist í árshátíð skólans sem verður haldin föstudaginn 31. mars.

Umræður um námsmat á unglingsstigi. Nú á að gefa einkunnir í bókstöfum fyrir hæfni og þetta er mjög flókið. Mentor er að reyna að finna lausn á þessu með Menntamálastofnun.

Stór hópur starfsfólks skólans er að fara í námsferð til Heidelberg miðvikudaginn 15. mars og nemendur fá því fimm daga frí.

Marcelina kom með ábendingu um að það væri erfitt að komast að á klósettunum og þar væru stelpur með rafrettur. Bryndís og Stefán ætla að skoða það.

Marcelina kom einnig með ábendingu um að henni finnst náttúrufræðikennslan í 10. bekk vera of létt. Þau eru með bók sem er ætluð fyrir 8. bekk og hún er búin að skoða hvað jafnaldrar hennar í Reykjavík eru að læra.

Fundi slitið um kl. 17:00

Svanhildur Skúladóttir